



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETI SÆKIR EVRÓPUMEISTARAMÓT Í KNATTSPYRNU KVENNA Í SVISS

Forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, og Björn Skúlason, eiginmaður hennar, verða í Sviss dagana 1.-3. júlí næstkomandi í tilefni af þátttöku landsliðs kvenna í Evrópumeistarakeppni í knattspyrnu sem þar fer fram í Thun, skammt frá höfuðborginni Bern.

Í ferðinni mun forseti meðal annars horfa á leik íslenska landsliðsins við landslið Finnlands og mun hún svo snæða morgunverð með landsliðinu á fimmtudaginn.

Þá mun forseti eiga fund með Ngozi Okonjo-Iweala, framkvæmdastjóra Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar WTO (World Trade Organization) sem er með höfuðstöðvar í Genf. Mikið er horft til þeirrar stofnunar um þessar mundir vegna þess að það er sérstakt verkefni hennar að draga úr viðskiptahindrunum á alþjóðavísu og verndartollar, sem hafa færost á vöxt á árinu, eru dæmigerð hindrun af því tagi.

30. júní 2025.

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249).